
## DAGBÓK



Valgerður Hauksdóttir

### Valgerður í Gallerí Borg

Valgerður Hauksdóttir sýnir í Gallerí Borg Pósthússtræti 9. Á sýningunni eru nýlegar grafíkmyndir. Opið er virka daga kl. 10:00-18:00 og um helgar kl. 14:00-18:00. Lokað er föstudaginn langa og páskadag.
Sýningunni lýkur þriðjudaginn 5. apríl.



### Guðmundur Björgvinsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 2. apríl kl. 14:00 opnar Guðmundur Björgvinsson málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin ber yfirskriftina: "Martin Berkofsky spilar ungverska rapsódíu nr. 10 eftir Franz Liszt".

Málverkin á sýningunni eru tæplega 50 að tölu, máluð með akríllitum á striga og unnin sl. 2 ár.

Sýningin er opin daglega kl. 14:00-22:00, 2. - 17. apríl.

### Fundur Kvenfélags Háteigssóknar

Kvenfélag Háteigssóknar heldur fund þriðjudaginn 5. apríl kl. 20:30 í Sjómannaskólanum. Gestur fundarins verður Baldvin Halldórsson leikari sem mun skemmta fundarkonum.
Rætt verður um sumarferðalagið. Kaffiveitingar.

### Leikklúbburinn SAGA á Akureyri: Sýningar á GRÆNJÖXLUM um páska

Unglinga-áhugaleikklúbburinn Saga á Akureyri sýnir um þessar mundir leikritið Grænjaxla eftir Pétur Gunnarsson í Dynheimum á Akureyri. Sýningar um páskana verða þannig:

Á skírdag kl. 17:00, laugardaginn 2. apríl kl. 20:30, annan í páskum kl. 17:00 og þriðjudag 5. apríl kl. 20:30.

Leikstjóri er Arnheiður Ingimundardóttir en tónlist er eftir Spilverk þjóðanna. Leikarar eru 15.

### Gránufjelagið-Leikhús "ENDATAFL"

Gránufjelagið - Leikhús er nú um þessar mundir að sýna sjónleikinn „Endatafl" eftir nóbelskáldið Samuel Beckett. Þýðinguna hefur Árni Ibsen gert og leikstjóri er Kári Halldór Þórsson. Leikarar í Endatafli eru fjórir, þau Rósa Guðný Þórsdóttir, Barði Guðmundsson, Hjálmar Hjálmarsson og Kári Halldór Þórsson.
„Endatafl" er sýnt í leikhúsi Gránufjelagsins að **Laugavegi 32** og verða næstu sýningar laugardaginn 2. apríl kl. 16:00 og þriðjudaginn 5 apríl kl. 21:00
Aðgöngumiða má panta allan sólarhringinn í síma 14200.

### Ferðir SVR um bænadaga og páska 1988

Strætisvagnar Reykjavíkur munu aka um bænadaga og páska sem hér segir:

Skírdagur: Akstur eins og á sunnudögum.

Föstudagurinn langi: Akstur hefst um kl. 13:00. Ekið samkvæmt sunnudagstímatöflu.

Laugardagur: Akstur hefst á venjulegum tíma. Ekið eftir laugardagstímatöflu.

Páskadagur: Akstur hefst um kl. 13:00, ekið samkvæmt sunudagstímatöflu.

Annar páskadagur: Akstur eins og á sunnudögum.

### Yngve Zakarias í Gallerí Svart á hvítu

Laugardaginn 2. apríl kl. 14:00 verður opnuð sýning í Gallerí Svart á hvítu, Laufásvegi 17. Þar verða sýnd verk norska listamannsins Yngve Zakarias.

Yngve er búsettur í Berlín og hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum víða í Evrópu og haldið einkasýningar. Á sl. ári hélt hann stóra einkasýningu í Norræna húsinu í Reykjavík. Yngve Zakarías hefur dvalið hér á landi undanfarnar vikur sem kennari við myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Sýningin er opin frá 2. apríl-10. apríl og er opin kl. 14:00-18:00 alla daga nema mánudaga. Lokað er á páskadag.

### Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður laugardaginn 2. apríl. Lagt verður af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10:00. Allir velkomnir. Nýlagað molakaffi á boðstólum.

### Skírdagsskemmtun Barðstrendingafélagsins

Skírdagsskemmtun fyrir eldri Barðstrendinga verður haldin í Sóknarsalnum, Skipholti 50A, fimmtud. 31. mars kl. 14:00.

Kór eldri borgara mun koma og syngja, og fleira verður á dagskrá.

Kvennadeild Barðstrendingafélagsins hefur haft veg og vanda af þessum skemmtunum og biður deildin fyrir þakklæti til þeirra fjölmörgu sem hafa komið fram og aðstoðað á annan hátt við þessar samkomur. Kvennadeildin vonast til að sem flestir sjái sér fært aðkoma og njóta dagsins.

### LEIRLISTARSÝNING í Gallerí List

Þau Eydís Lúðvíksdóttir og Daði Harðarson reka leirverkstæðið að Ási í Mosfellsbæ. Þau sýna nú sýnishorn verka sinna í Gallerí List í Skipholti 50B. Sýningin verður opnuð í dag, skírdag, kl. 14:00

Sýningin er opin virka daga kl. 10:00-8:00 en helgidaga kl. 14:00-18:00. Lokað er á föstudaginn langa. Sýningunni lýkur sunnudaginn 10. apríl.

Eydís lauk prófi úr kennaradeild MHÍ 1971. Hún hefur starfað við myndmenntakennslu, útstillingar, hönnun o.fl. hjá Glit hf. frá 1979, en 1987 stofnaði hún og Daði Harðarson Leirsmiðjuna Ás. Eydís hefur haldið sýningar: Hönnun '82, Einkasýningar á Kjarvalsstöðum 1985 og '87.

Daði Harðarson lauk námi úr Keramikdeild MHÍ 1982,og fór síðan í 2ja ára gestanám í Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn. Rak leirverkstæði í Kaupmannahöfn til '85 og starfaði við Glit frá 1985 til þess að Leirsmiðjan Ás var stofnuð. Daði hefur tekið þátt í samsýningu í Listmunahúsinu 1982 og hafði einkasýningu í Gallerí Langbrók '85.

### Hafnarfjarðarkirkja

Skírdagur: Helgistund með altarisgöngu kl. 20:30.

Föstudagurinn langi: Guðsþjónusta kl. 14:00.

Páskadagur: Hátíðarguðsþjónustur kl. 08:00 og kl. 14:00.



### Jens Kristleifsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Jens Kristleifsson sýnir um þessar mundir verk sín á Kjaravalsstöðum. Sýningin stendur frá 2. apríl-17. apríl.

Jens er fæddur 1940 í Reykjavík. Hann segir í fréttatilkynningu, að hann hafi sem unglingur málað landslagsmyndir, en reynt ýmislegt annað í myndlistarskóla og lagt þá að mestu niður að vinna myndir af landslagi. Einnig sneri hann sér að grafík og dúkskurði.

Jens fór síðan á Listaháskólann í Kaupmannahöfn og vann þar í einn vetur 1966–'67. Hann tók um vorið þátt í „Vorsýningunni á Charlottenborg" - og var það í fyrsta sinn sem hann sýndi verk sín opinberlega.

Næstu ár vann Jens aðallega við grafík, en hann segir að lokum í kynningu á sýningu sinni nú:

„En landslagið er aldrei langt undan og fyrir nokkrum árum lét ég freistast til að reyna einu sinni enn."

Aðgangur er ókeypis, og Jens segist vonast til að nemendur sínir, fyrrverandi og núverandi, líti inn.

### AA - samtökin 34 ára: Hátíðarfundur í Háskólabíói

Á föstudaginn langa, 1. apríl kl. 21:00, verður haldinn hátíðarfundur AA - samtakanna í tilefni af 34 ára afmæli samtakanna . Allir eru velkomnir. Þar koma fram ýmsir AA - félagar og einnig gestir fr á Al - anon og Al - ateen samtökunum, sem eru félagsskapur aðstandenda alkóhólista. Kaffiveitingar verða að fundi loknum.

### Ráðhildur sýnir í Nýlistasafni

2. apríl, laugardaginn fyrir páska, kl. 16:00 opnar Ráðhildur Ingadóttir myndlistarsýningu í Nýlistasafninu að Vatnsstíg 3B.

Á sýningunni eru málverk, unnin ýmist með olíu eða akríllitum á sl. ári.

Þetta er önnur einkasýning Ráðhildar.

Sýningin verður opin kl. 16:00-20:00 á virkum dögum og kl. 14:00-20:00 um helgar og annan páskadag.

### Neyðarvakt tannlækna

Neyðarvakt Tannlæknafélags Íslands verður um páskahátíðina.
Upplýsingar í síma 18888.



Moetta Stewart leikur og syngur í Bíókjallaranum undir Lækjartungli

### Moetta Stewart í Bíókjallaranum

Til Íslands er komin söngkonan Moetta Stewart og mun hún leika og syngja nokkur kvöld í Bíókjallaranum, undir Lækjartungli, Lækjargötu 2. Hún mun fyrst koma fram mánudagskvöldið 4. apríl, eða annan í páskum.

Moetta Stewart er hvað þekktust fyrir að leika á píanó og syngja með sjálfum rokk-kónginum Jerry Lee Lewis. Hún ferðaðist með honum í um tveggja ára skeið á tónleikaferðalögum um Evrópu og víðar, og kom fram með Lewis á „live"plötu, sem þótti takast vel. Þau heimsóttu 11 lönd á fjögurra vikna tónleikaferðalagi.

Moetta leikur fjölbreytta tónlist: Rokk og ról, blús og kántrí-rokk..

Moetta Stewart mun leika á píanó og syngja í Bíókjallaranum frá n.k. mánudegi. Undirleikarar með henni verða: Rúnar Júlíusson- bassagítar, Bobby Harrison - trommur og Micky Duff - gítar.

Bíókjallarinn er opinn öll kvöld frá kl. 18:00.

## ÚTVARP/SJÓNVARP

### Útvarp

**Fimmtudagur**
**31. mars**
**Skírdagur**

7.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Þórhallur Höskuldsson flytur.
8.00 Fréttir.
8.15 Veðurfréttir
8.20 **Létt morgunlög a.** Lög eftir Evert Taube. Göte Lovén leikur á gítar og Giovanni Jacoelli á klarinettu. **b.** Ruggiero Ricci leikur lög eftir Fritz Kreisler. Brooks Smith leikur með á píanó. **c.** Vals frá Prag eftir Antonin Dvorák. Sinfóníuhljómsveitin í Detroit leikur; Antal Dorati stjórnar.
9.00 Fréttir.
9.03 **Morgunstund barnanna: Úr ævi Jesú** Á leið til Jerúsalem. Umsjón Gunnvör Braga. Flytjandi: Kristín Helgadóttir.
9.15 **Tónlist á skírdagsmorgni a.** Partíta á a-moll BWV 1013 eftir Johann Sebastian Bach. Karl Bobzien leikur á flautu. **b.** „Alles, was ihr tut mit Worten oder mit Werken", (Hvað sem þér gjörið í orði eða verki, þá gjörið það í nafni Drottins), kantarta fyrir bassa, fjögurra radda kór, strengi og fylgirödd eftur Dietrich Buxtehude. Johannes Kunzel bassi syngur með kór Greifswald dómkirkjunnar og Bach hljómsveitinni í Berlín; Hans Pflugbeil stjórnar. **c.** Óbókvartett í Es-dúr op. 8 nr. 4 eftir Carl Stamitz. Ray Still leikur á óbó, Itzhak Perlman á fiðlu, Pinchas Zukerman á víólu og Lynn Harrell á selló.
10.00 Fréttir. Tilkynningar.
10.10 Veðurfregnir.
10.30 **Ég man þá tíð** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Messa í Aðventkirkjunni** á vegum samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Erik Guðmundsson prédikar. Tónlist.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Börn og umhverfi** Umsjón: Ásdís Skúladóttir. (Einnig útvarpað nk. þriðjudagskvöld kl. 20.40)
13.35 **„Landshöfðingin í Júdeu", smásaga eftir Anatole France. Magnús Ásgeirsson þýddi. Róbert Arnfinnsson les.**
14.05 **Fyrir mig og kannski þig** Umsjón: Margrét Blöndal. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00).
15.20 **Landpósturinn – Frá Norðurlandi** Umsjón: Gestur Einar Jónasson.
16.00 Fréttir . Tilkynningar . Dagskrá.
16.03 Dagbókin Dagskrá.
16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Barnaútvarpið.** Þátturinn helgaður Hallgrími Péturssyni, ævi hans, starfi og Passíusálmunum. Umsjón: Vernharður Linnet, Sigurlaug Jónasdóttir og Kristín Helgadóttir.
17.00 **Tónlist á síðdegi. a.** Svíta nr. 2 í G-dúr eftir Johann Sebastian Bach. Gunnar Kvaran leikur á selló. **b.** „Ristur" eftir Jón Nordal. Sigurður I. Snorrason leikur á klarinettu og Anna Guðný Guðmundsdóttir á píano. **c.** Duo op. 15 eftir Burgmüller. Einar Jóhannesson leikur á klrinettu og Philip Jenkins á píanó. **d.** Konsertetýða nr. 2 í f-moll, „La leggerieza" eftir Franz Liszt. Halldór Haraldsson leikur á píanó. **e.** Sónata í a-moll nr. 132 eftir Carl Philipp Emanuel Bach. Manuela Wiesler leikur á flautu.
18.00 **Torgið** Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir.
19.00 **Kvöldfréttir**
19.20 Tilkynningar.
19.25 **Daglegt mál** Margrét Pálsdóttir flytur þáttinn.
19.30 **Að utan** Fréttaþáttur um erlend málefni.
20.00 **Aðföng** Kynnt nýtt efni í hljómplötu- og hljómdiskasafni Útvarpsins. Umsjón: Mette Fanö. Aðstoðarmaður og lesari: Sverrir Hólmarsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi).
20:30 **Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói** 24. þ.m. Stjórnandi: Páll P. Pálsson. Einleikari: Anna Guðný Guðmundsdóttir. **a.** „Mistur" eftir Þorkel Sigurbjörnsson. **b.** Píanókonsert í c-moll K.491 eftir Wolfang Amadeus Mozart. **c.** Sinfónía nr. 1 eftir Dmitri Sjostakovitsj. Kynnir: Hanna G. Sigurðardóttir
22.00 **Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.**
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **„Hví gengur þú Effersey svo stúrinn?"** Andrés Björnsson les ljóð eftir Halldór Laxness, m.a. þýðingu hans á „Barnamorðingjanum María Farrar" eftir Bertholt Brecht.
22.30 **Af helgum mönnum.** Um dýrlinga kirkjunnar. Fyrri þáttur. M.a. rætt við séra Hjalta Þorkelssson í Landakoti. Umsjón: Sigmar B. Hauksson. (Síðari þátturinn er á dagskrá á annan í páskum kl. 22.20)
23.10 **Frá erlendum útvarpsstöðvum.**
24.00 Fréttir.
24.10 **Frá Schubert-ljóðakvöldi 17. júní 1987 á Hohenems hátíðinni í Austurríki. „Die schöne Müllerin" eftir Franz Schubert. Síðari hluti.**
01.00 Veðurfregnir.
**Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.**

01.00 **Vökulögin** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagt frá veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
7.03 **Morgunútvarpið** – Leifur Hauksson.
10.05 **Miðmorgunssyrpa.** Umsjón Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
12.20 **Hádegisfréttir**
12.45 **Á milli mála** Umsjón: Snorri Már Skúlason.
16.05 **Dagskrá** – Guðrún Gunnarsdóttir.
19.00 **Kvöldfréttir**
19.30 **Kvöldtónar** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Nútíminn** Kynning á nýjum plötum, fréttir úr poppheiminum og sagðar fréttir af tónleikum erlendis.
23.00 **Af fingrum fram** – Gunnar Svabergsson.
24.10 **Vökudraumar**
01.00 **Vökulögin** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Að loknum fréttum kl. 2.00 verður endurtekinn frá mánudegi þátturinn „Á frívaktinni" þar sem Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagt frá veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
**Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.**


**SVÆÐISÚTVARP Á RÁS 2**
8.07- 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands**
18.03-19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands**
18.30-19.00 **Svæðisútvarp Austurlands** Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir.

### Sjónvarp

**Fimmtudagur**
**31. mars**
**Skírdagur**

17.50 **Ritmálsfréttir.**
18.00 **Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá 20. mars.
18.30 **Anna og félagar** Ítalskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
18.55 **Fréttaágrip og táknmálsfréttir**
19.05 **Íþróttasyrpa** Umsjónarmaður Jón Óskar Sólnes.
19.25 **Austurbæingar** (EastEnders) Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Auglýsingar og dagskrá.**
20.35 **Spurningum svarað** Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup svarar spurningu Halldórs S. Rafnars, framkvæmdastjóra Blindrafélagsins.
20.50 **Björgunarafrekið við Látrabjarg**– 40 árum síðar – Í þessum þætti eru rifjaðir upp atburðir sem tengjast björgunarafrekinu við Látrabjarg. Brot úr kvikmynd Óskars Gíslasonar eru flétttuð inn í þáttinn en jafnframt er talað við hann og ýmsa þá sem tóku þátt í björgunarleiðangrinum. Umsjónarmaður Sigrún Stefánsdóttir.
21.25 **Friðarins Guð** Sigurður Bragason óperusöngvari syngur þrjú íslensk lög í Kristskirkju. Þau eru: Friðarins Guð eftir Árna Thorsteinsson, Lilja í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar og Víst ertu Jesú kóngur klár eftir Pál Ísólfsson (gamalt stef). Stjórn upptöku: Tage Ammendrup.
21.40 **Margt er sér til gamans gert** (Playtime) Frönsk kvikmynd í léttum dúr frá 1967. Myndin hlaut á sínum tíma fjölda viðurkenninga og er talin til sígildra verka kvikmyndasögunnar. Leikstjórn og aðalhlutverk: Jacques Tati. Myndin fjallar um ferð Hulots um París nútímans. Á þessu ferðalagi henda hann mörg hnyttin atvik, m.a. á flugvellinum, í heljarmikilli skriftofubyggingu og á veitingahúsi. Þýðandi Ragnar Ólafsson.
23.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## TÓNLISTARKROSSGÁTAN NO: 102



Lausnir sendist til: Ríkisútvarpsins RÁS 2
Efstaleiti 1
108 Reykjavík
Merkt Tónlistarkrossgátan.